

Ed.

#### 49. Frumvarp

til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfírrjetti.

Flutningsmaður: Steingrimur Jónsson.

##### 1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild háskóla Íslands eru sjálfkjörnlr varadómarar í landsyfírrjettinum, hvort heldur sæti losnar í rjettinum, dómari forfallast um stund eða vikur sæti.

##### 2. gr.

Nú losnar sæti í landsyfírrjettinum eða dómari forfallast eða vikur sæti og tekur þá justitiarius eða sá, er gegnir í hans stað, einn af prófessorunum með hlutkesti í rjettinn. Nú skipar enginn dómara sátt, og ganga þá allir 3 prófessorarnir í rjettinn.

##### 3. gr.

Hinn hluttekni varadómari tekur hið auða sæti. Sju fleiri sæti auð en eitt og fleiri varadómarar hlutteknir í einu, taka þeir sæti í rjettinum eftir aldri, þannig að eldri maður skipar æðra sæti.

##### 4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfírrjettinum og tekur þá varadómari helming launa, er sæti því fylgja, þangað til skipaður er í það nýr dómari.

Forfallist dómari eða viki sæti, fær varadómari 10 kr. fyrir hvert rjettarhald, og 30 kr. að auki, taki hann þátt í dómsgjörð. Gegni varadómari án nauðsynja yfirdómara, greiðir yfirdómari honum staðgengilslaunin. Að öðrum kosti greiðast launin úr landssjóði.

##### 5. gr.

Nú verður varadómari ekki tekinn úr lagadeild háskólans, og setur þá landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

6. gr. tilsk. 11. júlí 1800 um landsyfrrjettinn á Íslandi er úr gildi  
numin.